



Íbúaráð Laugardals

Reykjavík, 9. maí 2022

Tilvísun: 2022040141/25.0

Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur borist erindi íbúaráðs Laugardals þar sem íbúaráðið felur Heilbrigðiseftirlitinu að svara erindi íbúa er lagt var fram á fundi ráðsins 11. apríl og varðaði skipulagsmál og umgengni í Vogabyggð 3.

Að neðan fer svar HER.

Í gildi er deiliskipulag frá árinu 1965 fyrir Dugguvog, Kænuvog og Súðarvog. Samkvæmt deiliskipulagi er landnotkun á deiliskipulagssvæðinu skilgreind sem iðnaðarsvæði. Það stendur enn óbreytt þrátt fyrir að aðalskipulag Reykjavíkur boði breytta landnotkun á svæðinu. Sú breyting er ekki tímasett þar sem að nýtt deiliskipulag liggur ekki fyrir. Breytingar hafa orðið í næstu hverfum (Vogabyggð 1 og 2) þar sem risið hafa íbúðarhús í samræmi við nýlegt deiliskipulag. Breytingar á landnotkun á umræddu svæði hafa verið boðaðar nú um árabil og því kannski við því að búast að íbúar geri sér ákveðnar væntingar til síns nærumhverfisins. Engu að síður er staðreyndin sú að enn er skilgreind landnotkun iðnaðarsvæði og starfsemi og umgengni á svæðinu í samræmi við það. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að umgengni í hverfinu taki stakkaskiptum við það eitt að nýtt deiliskipulag verði samþykkt heldur mun breytingin eiga sér stað samhliða breytingum í hverfinu.

Deiliskipulag fyrir svæðið er sannarlega barn síns tíma. Sem dæmi má nefna að ekki er gert ráð fyrir neinu athafnasvæði fyrir framan fyrirtækin Súðarvogsmegin. Má segja að fyrirtækin hafi lagt undir sig gangstéttar sem liggja með Súðarvogi og nýtt sem geymslusvæði. Það er til vansa og hefur Heilbrigðiseftirlitið komið þeim tilmælum til fyrirtækja og einstaklinga að bæta þurfi umgengni. Einnig má benda á að aðstæður í fyrirtækjum eru ekki í samræmi við kröfur dagsins í dag hvað varðar mengunarvarnir en lög og reglugerðir eru sjaldnast afturvirk og því erfitt að gera kröfur um aðstæður í samræmi við nútímann í eldra húsnæði. Þá ber HER sem stjórnarsýslustofnun að beita meðalhófi í hverju máli og vægasta úrræði hverju sinni til að knýja á um úrbætur. Sé ekki farið að kröfum um úrbætur má grípa til þyngri úrræða eftir tilefni hverju sinni.

HER nýtir hvert tækifæri, t.d. þegar farið er í eftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi í hverfinu eða vegna kvartana, til að benda forsvarsmönnum fyrirtækja og einstaklingum sem geyma úrgang eða muni úti á gangstétt á að bæta umgengni þar sem fyrirsjáanlegt sé að hverfið muni taka breytingum á næstu árum, kröfur og væntingar um umgengni í hverfinu séu að breytast, íbúabyggð sem risin er í nágrenninu sé tekin að þrýsta á um bættu umgengni og mikilvægt sé fyrir fyrirtækin að fylgja þessari þróun og ganga betur um, m.a. að halda gönguleiðum óhindruðum. Þá er reglulega farið um hverfið og límdir viðvörunarmiðar á númerslausa bíla í hverfinu og þeir fjarlægðir að loknum fresti hafi eigendur ekki orðið fyrri til.

Farið er í reglubundið eftirlit í fyrirtæki með gild starfsleyfi í hverfinu auk þess sem límt er á



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

númerslausa bíla sem fyrr sagði. Annað eftirlit HER byggist á því að kvartanir um úrgang og slæma umgengni berist HER og er þeim sinnt hverju sinni eftir tilefni. HER mun taka það til skoðunar að fara sérstaka yfirferð yfir svæðið nú í vor til að fylgja eftir erindi íbúa. Íbúar eru einnig hvattir til að koma kvörtunum og ábendingum um það sem betur má fara til HER á netfangið heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is.

Í erindi íbúaráðsins segir að í kynningu fulltrúa bréfitara á fundi íbúaráðsins hafi komið fram að viðkomandi hefði ekki fengið svör við erindum sínum til skipulagsfulltrúa og HER. HER mótmælir harðlega þessari fullyrðingu fyrir sitt leyti. Þvert á móti hefur þess verið gætt að sinna erindum hans og veita svör við spurningum og sinna kvörtunum. Fjöldi bréfa og tölvupósta til bréfitara og einnig fulltrúa hans sem sá um kynningu á fundi íbúaráðsins, er að finna í skjalaskrárkerfi HER og sýna fram á að fullyrðingin stenst ekki.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent:

Þorbergur Halldórsson formaður húsfélags Súðarvogs 44-48/Kænuvogs 51-63.